

Fundargerð stjórnar Fíh

4. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

starfstímabilið 2021 – 2022

miðvikudaginn 29. september 2021 kl. 09:00 – 12:05

Mættir:

Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til upplýsinga:

2. Málþingið *Hjúkrunarfræðingar í heimsfaraldri*, 16. september 2021.

Formaður fór yfir málþingið sem haldið var þann 16. september síðastliðinn. Málþingið var vel sótt og þótti heppnast mjög vel. Umræður.

3. Fundur með frambjóðendum stjórn málaflökkana *Heilbrigði 2025*, 17. september 2021.

Fundur var haldinn með frambjóðendum til Alþingiskosninga árið 2021 á Grand hótél þann 17. september síðastliðinn. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Íslands og Bandalag háskólamanna stóðu fyrir fundinum þar sem leitast var eftir svörum um heilbrigðiskerfið og ástand þess. Jánægja var með fundinn sem gekk mjög vel fyrir sig. Fundinum var varpað á Youtube þar sem áhorfin voru alls 247 talsins og einnig var varpað á Facebook og á síðuna *Sem betur fer* þar sem áhorfin voru samtals 1.392 talsins. Umræður.

4. Fræðslukönnun Fíh.

Alls eru fjórar kannanir sem fara í gang hjá Fíh í haust. Fræðslukönnun var send til hjúkrunarfræðinga í september þar sem alls tóku 1.058 þátt. Samkvæmt könnuninni vilja hjúkrunarfræðingar aðallega fræðslu um líkamlega og andlega heilsu. Einnig var mikill áhugi fyrir rafrænni fræðslu sem yrði síðan aðgengileg á vefnum. Umræður. Stjórn Fíh fagnar góðri svörun hjúkrunarfræðinga við könnuninni og verið er að setja fram fræðsluáætlun fyrir veturinn, byggða á þessum niðurstöðum.

Til umræðu:

5. Rekstraryfirlit sjóða, staða félagssjóðs janúar-júlí 2021.

Formaður og gjaldkeri fóru yfir yfirlit rekstrarsjóða. Umræður.

6. Orlofssjóður.

Fulltrúar orlofsnefndar könnuðu nýtt orlofshúsnaði á Akureyri. Stjórn fékk kynningu á umræddum valmöguleika sem var í boði en stjórn telur fasteignina of dýra. Orlofsnefnd er ráðlagt að halda leit áfram á Akureyri eftir hentugu orlofshúsnaði en eftirspurnin er meiri en framboð. Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt að hafna kaupum á húsnaðinu og fer formaður á fund orlofsnefndar til að gera grein fyrir ákvörðun stjórnar.

7. Nýafstaðnar Alþingiskosningar.

Umræður stjórnarmeðlima um niðurstöður nýafstaðinna kosninga. Lögð verður áhersla á að fá fund með nýjum heilbrigðisráðherra á fyrstu vikum hans í starfi.

8. Vinna við gerð aðgerðaáætlunar við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030.

Stefnuviðmið Fíh til ársins 2030 eru tekin saman og eru viðmiðin til 10 ára. Ljóst er að mismunandi er eftir viðmiðum hver tímaramminn ætti að vera og verða þau sett upp í tímaröð. Megin tilgangurinn er að sýnilegt verði fyrir hjúkrunarfræðinga hvaða áherslur og verkefni eru hverju sinni. Umræður.

Afgreiðsla: Þrír stjórnarmeðlimir vinna nánar að skjalinu og fylgt áfram eftir á næstu fundum stjórnar.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir vinnuhópinn.

Önnur mál:

9. Formaður fer yfir fund hjúkrunarfélaga á norðurlöndum (SSN). Farið var yfir stöðuna í hverju landi fyrir sig á tímum covidö19. Einnig ræddur samanburður milli landanna í launamálum hjúkrunarfræðinga. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að koma aftur á fót stöðu yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslunni (CNO) en WHO leggur ofuráherslu á það til að tryggja betri hjúkrun og þjónustu til fólks. Umræður.
10. Formaður fer yfir fyrirhugaða endurskoðun á vefsíðu Fíh sem eru í undirbúningi. Umræður.
11. Formaður vekur athygli á að verið sé að auglýsa framkvæmdastjórstöðu hjúkrunar við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk). Um er að ræða stjórnunarstöðu í hjúkrun hjá 2-3 stærsta vinnustað hjúkrunarfræðinga á Íslandi. Fíh hvetur hjúkrunarfræðinga til að sækja um þetta framfærilega starf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:05.

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 10. nóvember 2021.

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.